

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. desember 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-43/2011:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. apríl sl. bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann segir hafa verið á sjónvarpi sem hann keypti í verslun Y, hinn 25. júní 2006. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér nýtt sjónvarpstæki sambærilegt hinu gallaða.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 22. júní sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum. Engin andsvör bárust. Í kjölfar skoðunar á málinu taldi nefndin að þörf væri frekari gagna og upplýsinga frá álitsbeiðanda og var þeirra óskað með bréfi dags. 10. nóvember sl. Engin svör hafa borist við þeirri beiðni.

III

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 10. nóvember sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar álitsbeiðni þína vegna viðskipta við Y, mál nr. 43/2011. Nefndin starfar eftir reglugerð nr. 766/2006, en í 7. gr. þeirrar reglugerðar, sbr. 6. gr., er kveðið á um að sé beiðni ekki studd þeim gögnum að hægt sé að taka efnislega afstöðu til ágreiningsins skuli vísa beiðni frá.

Á grundvelli ofangreinds óskar nefndin eftir frekari gögnum um bilun á sjónvarpstæki því sem deilt er um í málinu. Slík gögn geta t.a.m. verið vottorð frá verkstæði, tölvupóstsamskipti við seljanda eða hvaðeina annað sem þú telur að geti orðið til þess að upplýsa málið betur fyrir nefndinni.

Á grundvelli 4. mgr. 7. gr. áðurnefndrar reglugerðar er þér hér með veittur tíu daga frestur til að bæta úr ofangreindu, en ella má reikna með að nefndinni sé skylt að vísa málinu frá.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir eftirfarandi:

Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.

Á grundvelli ofanritaðs telur nefndin því óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá nefndinni. Kærufundin vill þó benda á að þrátt fyrir frávísunina getur álitsbeiðandi beðið nefndina um álit að nýju fylgi nýrri beiðni þau gögn sem farið var fram á í bréfi nefndarinnar hinn 10. nóvember sl.

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufund lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir